

31 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um að leggja*
27. febr. niður nokkrar þurrabúðir. — Eptir að felldar höfðu verið samkvæmt brjef-
um dómsmálastjórnarinnar og landshöfðingja frá 25. júlí 1867 og 3. júní 1875 8 þurra-
búðir á jörðinni Ingjaldshóli, er heyrir undir Arnarstapaumboð, hafið þjer, herra amt-
maður, með brjefi 19. þ. m. sent mjer erindi hlutaðeigandi umboðsmanns, þar sem hann
mælir fram með því, að ábúanda nefndrar jarðar verði leyft aptur að leggja niður 4 af
þeim 8 þurrabúðum, er eptir eru á umboðsjörðinni.

Af þessu tilefni vil jeg, með því að bæði þjer og umboðsmaðurinn fullyrð-
ið, að jörðin Ingjaldshóll sje engu óbyggilegri, þó nefndar þurrabúðir sjeu lagðar nið-
ur, með því að landssjóðurinn engar tekjur hefir af þeim, og með því að hlutaðeigandi
hreppsnefnd hefir vottað, að þurrabúðirnar hafi fallið úr byggingu sökum fiskileysis og
fátæktar almennings þar um sveitir — hjer með samþykkja, að þessar þurrabúðir verði
felldar af, þegar búið sje að skila þeim af hendi í fullgildu standi eða með ofanálagi, og
viðirniir og annað fjemætt úr þeim sje selt á almennu uppboðsþingi, en fyrir andvirði
því, sem inn kemur, og ofanálaginu, sem metið verður, skal umboðsmaður gjöra grein í
reikningi sínum fyrir tekjum umboðsins.

Þetta er yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar,
og vona jeg síðan að fá skýrslu frá yður um það, sem gjört verður í þessu máli.

32 — *Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um þóknun handa pósti.* — Með
28. febr. þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafið þjer, herra póstmeistari, sent mjer bónarbrjef pósts-
ins milli Akureyrar og Reykjavíkur, Daníels Sigurðssonar, um skaðabætur fyrir slys, er
hann hafi orðið fyrir á fyrstu póstferð sinni á þessu ári, þar sem einn af klyfjahestum
hans hafi hrapað af svo nefndum Kattarhrygg í Norðurárdal, þannig að nauðsynlegt var
þegar í stað að skera hestinn á háls. Með því að Daníel hefir reynzt ötull og áreiðan-
legur póstur, og með því að slys þetta virðist ekki hafa orðið fyrir neina handvömm
hans eða hirðuleysi, leggið þjer til, að honum verði bættur úr póstsjóði hálfur skaðinn,
er hann hefir orðið fyrir, með 30 krónum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg
fellst á, að tjeðum pósti verði í þóknunarskyni greidd úr póstsjóði hin áminnzta upphæð.

33 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir sudurumdæminu um sveitarstyrk.*
5. marz — Eptir að þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 23. apríl 1877 höfðuð úrskurðað, að Hraun-
gerðishreppur ætti að endurgjalda Villingaholtshreppi 20 kr., er hinn síðarnefndi haustið
1876 lagði ekkjunní Steinunni Jónsdóttur á Kolshóli, áfrýjaði hreppsnefndin í Hraungerðis-
hreppi þessum úrskurði, og vil jeg nú, að ihuguðum þeim nýju skýringum, er síðan hafa
komið fram meðal annars með 2 rjettarprófum, er haldin hafa verið samkvæmt skipun
minni, tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-
eigöndum.

Áfrýjendurnir játa, að Steinunn hafi, þá er hún þáði áminnzta styrk, verið sveitlæg
í Hraungerðishreppi; en þeir halda því fram, að hún hafi ekki þurft styrksins, að hún,
þó hún hefði þurft hans, hefði getað fengið hann hjá 3 börnum sínum af fyrra hjóna-
bandi, er þá voru nýbúin að taka nokkurn arf, og að Villingaholtshreppur hafi neytt
upp á hana styrknum. Hvað nú fyrst snertir hina síðastnefndu ástæðu, þá hafa að vísu

2 vitni borið, að Steinun hafi sama haust, og hún fjekk áminnztan styrk, sagt á heimili sínu, að honum «hefði verið troðið» upp á sig; en það er hvorttveggja, að hún nú hefir neitað að hafa haft þessi ummæli, enda er ekki hið minnsta komið fram því til styrkingar, að slík ummæli hafi haft við nokkur rök að styðjast. Þvert á móti talar allt það, sem komið hefir fram í málinu fyrir því, að Steinun hafi orðið bjargþrota nefnt haust og sjálf leitað hjálpar til hreppsnefndarinnar, og að hjálp þessi fyrst hafi verið látin henni í tje, eptir að nefndin með skoðun á heimili hennar hafði fullvissað sig um neyð hennar.

Hvað það snertir, að börnum hennar af fyrra hjónabandi, er ekki voru á heimili hennar, tæmdist arfur um það leyti að hún varð bjargþrota, þá getur þetta atriði því síður komið til greina, sem hún hafði ekki fjárráð barna sinna, og geymdi ekki arf þeirra, en þó svo hefði verið, virðist það hafa verið vafasamt, hvort hún hefði haft heimild til þess að eyða honum, sjer og börnum sínum af síðara hjónabandi, stjúp systkinum erfingjanna til framföris. Þar að auki er það samkvæmt 9. gr. reglugjörðar 8. jan. 1834 bein skylda sveitarstjórnarinnar þar sem þurfamaður á heima, að hjálpa honum, þó hjálpin að rjettu lagi ætti að veitast af einstökum mönnum. Framfærsluveitin verður að fylgja fram skyldum þeim, er í þessu tilliti kynnu að hvíla á ættingum þurfalingsins og öðrum, og getur ekki skorast undan að endurgjalda þegar bráðabirgðarstyrk þann, er íveruhreppurinn hefir lagt út fyrir hann á löglegan hátt.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ber að staðfesta úrskurð yðar herra amtmaður, er skyldar Hraungerðishrepp til að endurgjalda Villingaholtshreppi þann 20 króna styrk, er um er að ræða.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um útfararkostnað sveitarómaga.* — Eptir að hafa meðtekið álit yðar herra amtmaður um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi á úrskurði yðar frá 21. okt. 1877, er skyldar nefndan hrepp til þess að endurgjalda Seiluhreppi 40 kr. fyrir útför sveitarómagans Gunnlaugs Guðmundssonar vil jeg tjá yður það, er nú segir.

Það verður að vera áfrýjandanum samdóma um, að sá hreppur er leggur út til bráðabirgða kostnað fyrir sveitarómaga úr öðrum hreppi, verður að við hafa alla tilhlýðilega sparsemi, og að framfærsluhreppnum verði ekki fært til skuldar það, sem sveitungar ómagans kynnu að vilja leggja honum fram yfir hið allra nauðsynlegasta. Hins vegar getur samþykkt sú, sem áfrýjandi segist hafa gjört milli sín um að láta kostnaðinn við útför sveitarómaga aldrei fara fram úr 14 kr. ekki haft bindandi verkun fyrir utan eigin sveit þeirra, og með því að þeir sjálfir játa, að hinn venjulegi kostnaður við útför hreppsómaga þar í hjerðinu sje 24 kr., en kostnaðurinn til útfarar þeirrar, er hjer er um að ræða af ýmsum ástæðum varð að vera nokkuð meiri en hinn venjulegi, virðist hann heflega metinn 30 kr.

Af þessari upphæð, eru áfrýjendurnir þegar búnir að borga 14 kr., hinar 16 kr., er eptir eru, býst jeg við, að þjer herra amtmaður hlutizt til um, að Bólstaðarhlíðarhreppur endurgjaldi Seiluhreppi án frekari undandrátta.

LEIÐRJETTINGAR: Bls. 8 neðst: Fæddir karlkyns 1877: „721“ les 731 (sbr. bls. 11 efst).
Bls. 24 l. 10: „Sveini“ les k o n u m. (Villa þessi hefir verið sett inn, eptir að önnur próförk var lesin, og var orðið rjett prentað í henni).
Bls. 28 l. 38 „8 — ær geldar
10 — mylkar“ les: 8 ær geldar
10 — mylkar.

Hinn 20. marz 1879.